

Sameiningarviðræður

Greinargerð og álit Samstarfsnefndar

1. mars 2022

Róbert Ragnarsson
Freyja Sigurgeirsdóttir



Um verkefnið

Í desember 2021 samþykktu sveitarstjórnir Langesbyggðar og Svalbarðshrepps að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Samstarfsnefnd réði RR ráðgjöf til að annast verkefnisstjórn verkefnisins og aðstoða við stöðumat og tillögugerð.

Ákvörðun um formlegar sameiningarviðræður var tekin á grundvelli farsæls samstarfs sveitarfélaganna og könnunarviðræðna sem fóru fram á tímabilinu apríl-nóvember 2021.

Við könnunarviðræðurnar var átt samráð við íbúa beggja sveitarfélaga og fyrirbyggjandi eru gögn sem nýttast við gerð álits samstarfsnefndar, kynningu fyrir íbúa og undirbúning sameiningarkosninga stöðumat og tillögugerð.

Jónas Egilsson, sveitarstjóri, og Björn S. Lárusson, skrifstofustjóri, Langesbyggðar störfuðu með nefndinni.


Samstarfsnefndin

- Frá Langesbyggð
 - Mirjam Blekkenhorst
 - Siggeir Stefánsson
 - Þorsteinn Ægir Egilsson, formaður
 - Varamenn:
 - Árni Bragi Njálsson
 - Halldór R. Stefánsson
 - Sigríður Fríðný Halldórsdóttir
- Frá Svalbarðshreppi
 - Ragnar Skúlason
 - Sigríður Jóhannesdóttir
 - Sigurður Þ. Guðmundsson, varaformaður
- Varamenn:
 - Einar Guðmundur Þorláksson
 - Ina Leverköhne

Formlegar sameiningarviðræður skv. sveitarstjórnarlögum



Fræðslumál



Núverandi staða

Grunnskólinn á Þórshöfn

- 64 nemendur eru í skólanum sem sinnir þjónustu við íbúa beggja sveitarfélaga. Næsta vetur er áætlað að nemendur verði 59.
 - Stöðugildi eru 16
 - Í Tónlistarskóla Langesbyggðar er 80% stöðugildi
- Húsnæðið nýtist utan skóla m.a. sem félagsmiðstöð og aðstaða fyrir bekkjarkvöld.
- Skólapúlsinn sýnir almenna ánægju með starfið sem þar er unnið.
- Ný skólastefna er í vinnslu í samráði við Gunnar Gíslason forstöðumann skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri sem mun gilda fyrir bæði grunn- og leikskólann.
- Vilji er til þess að leggja áherslu á að undirbúa nemendur fyrir það sem þau þekkja ekki í dag, t.a.m. forritun og tækni.
 - Meiri samskipti við atvinnulífið á staðnum, frystihúsið og verksmiðjur og annað sem keyrir áfram á tækni.
- Skoða þarf stækkunarþörf grunnskólans með hliðsjón af því að tónlistarkennsla, bókasafn og kennslueldhús eru í öðrum húsum.

Leikskólinn Barnaból

- Tveggja deilda leikskóli með um 25 börn í námi
- Stöðugildi starfsmanna eru 7,55
- Mikilvægt að hlúa vel að mannauðnum og efla starfsfólkið.
- Lítil starfsmannavelta hefur verið í skólanum en fagfólk hefur vantað.
- Sameiginlegt þróunarverkefni hefur verið unnið með grunnskólanum þar sem unnið er í teymisvinnu og leiðtogahæfni deildarstjóra og umsjónarkennara eftl.
- Kannanir sýna mikla ánægju með leikskólastarfið, m.a. hvað varðar stjórnun og samskipti.

Framtíðarsýn til umræðu

Ekki er von á miklum breytingum í fræðslumálum og þá sérstaklega hvað varðar þjónustuna sjálfa.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

- Framlög haldast og sveitarfélögin eru nú þegar í miklu samstarfi í málaflokknum
- Sveitarfélögin hafa alltaf rekið leikskólann saman og grunnskólann hafa þau rekið saman í sex ár.

Félags- og almenn skólaþjónusta

- Samningur er við Norðurþing um félagsþjónustu og almenna skólaþjónustu (ráðgjöf vegna nemenda).
- Félagsþjónustan er í skoðun í ljósi breytinga á barnaverndarlögum þar sem sveitarfélögin eru undir íbúamörkum barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs barnaverndar.

Stækkun grunnskólans

- Byggja þarf við grunnskólann.
- Í dag er tónlistar-kennsla, bókasafn og kennslueldhús skólans í öðrum húsum.

Tilraunaverkefni leikskólans

- Tilraunaverkefni hefur verið unnið í leikskólanum þar sem tekin hafa verið inn eins árs börn.
- Bæta þarf aðbúnað bæði innanhúss og á leikskólalóðinni ef ætlunin er að fyrirkomulagið verði til framtíðar.

Atvinnumál



Klasaverkefnið Fontur

- Unnið hefur verið að mótun atvinnustefnu Langesbyggðar sem hófst formlega vorið 2019 með fjórum SVÓT greiningarfundum með íbúum og atvinnulífi á svæðinu, beggja megin Hafralónsár.
 - Um 70% atvinnutekna eru frá sjávarútvegi og fiskvinnslu og markmiðið með vinnunni var að veita einhæfni atvinnulífsins viðspyrnu.
 - Sauðfjárframleiðslan hefur sótt í sig veðrið með hagræðingu, aukinni tekjusókn og aukinni framlegð þrátt fyrir erfiðleika á mörkuðum og ber þess öll merki að geta aukið enn við sig þar sem fjárfestingum hefur verið viðhaldið og enn frekari hagræðingarmöguleikar eru fyrir hendi.
- Samkvæmt nýrri húsnæðisáætlun Langesbyggðar er svigrúm gott til uppbyggingar, lóðir til staðar, nægt rými í nýju eða nýendurnýjuðu skólahúsnæði og góð aðstaða til íþróttaiðkana.
- Einn mikilvægur liður í viðleitni Langesbyggðar að skapa starfstækifæri og auka fjölbreytni starfa og mannlífs, var að kaupa húsnæði að Fjarðarvegi 5 þar sem Landsbankinn hf. á Þórshöfn var til húsa.
 - Um er að ræða um 430 m² húsnæði á tveimur hæðum.
 - Ætlunin er að gefa tækifæri á störfum í fjarvinnslu, aðstöðu fyrir námsmenn o.fl. með e.k. „vinnustaðaklasa“ á Þórshöfn.
 - Samráð hefur verið haft við SSNE og Þekkingarnet Þingeyinga sem sjá möguleika á sköpun nýrra tækifæra í byggðarlaginu.
- Ætlunin er svo að fá fleiri aðila að verkefninu í framtíðinni, bæði úr opinbera- og einkageiranum.
- Búið er að semja við Íslandspóst ohf. um að póstafgreiðsla verði áfram í hluta húsnæðisins.

Betri Bakkafjörður

Bakkafjörður var formlega tekinn inn í verkefnið um Brothætta byggð árið 2019.

Bakkafjörður hafði orðið fyrir miklum skakkaföllum, íbúum fækkað um helming á 20 árum (úr 120 í 60 íbúa) og staðan í atvinnumálum mjög slæm.

Verkefnið gerir það að verkum að það er auðveldara að sækja í ýmsa sjóði og sérstaklega þá sem tilheyra byggðaaætlun. Þessi svæði fara sjálfkrafa í ákveðinn forgang og auðveldara að sækja í sjóðina.

Byggðastofnun heldur utan um verkefnið og setti saman verkefnisstjórn.

- Tveir fulltrúar frá Byggðastofnun
- Tveir fulltrúar frá Langesbyggð
- Einn fulltrúi frá SSNE
- Einn fulltrúi íbúa
- Gunnar Már Gunnarsson er verkefnisstjóri.

Verkefnið hefur breytt viðhorfi fólks til Bakkafjarðar.

- Utanaðkomandi aðilar að fá áhuga á Bakkafirði og greinilega hefur þetta skilað sér í auknum sýnileika og aukinni starfsemi.
- Fyrirtæki að þreifa fyrir sér og hafa áhuga. Langtímaverkefni og sumt sem gengur og annað ekki.

Verið er að koma Bakkafirði á kortið og áskoranir við að snúa þróuninni við en um leið og það kemur skriðþungi í þetta þá eru væntingar um að viðhorfið breytist.

Samfélagssáttmáli var gerður milli íbúa við Bakkaflóa, sveitarfélagsins og ríkisins vegna byggðar við Bakkaflóa í desember sl.

Í samfélagssáttmálanum kemur m.a. fram að samstillt átak íbúa, sveitarfélags, landshlutasamtaka og ríkis sé lykillinn að velgengni verkefnisins.

Aðilar sáttmálans sammældust um eftirfarandi atriði.

- Virkt hverfisráð verði starfandi á Bakkafirði en hverfisráð Bakkafjarðar tók til starfa á árinu 2019 og starfar skv. erindisbréfi sveitarfélagsins.
- Unnið verði að mótun nýrrar skólastefnu fyrir sveitarfélagið.
 - Stuðst verði við ákveðna viðmiðanir um dagvistunar- og skólamál þar til raunhæft verði að reka leik- og grunnskólakennslu á Bakkafirði.
- Umhverfisáttak verði með reglubundnum hætti og mun sveitarfélagsins aðstoða íbúa við fegrun umhverfis.
 - Sveitarfélagið hefur endurskoðun á stefnu í urðunarmálum.
- Ríkið styðji við sókn í samfélaginu á Bakkafirði svo sem unnt er innan heimilda hverju sinni.

Framtíðarsýn

Í atvinnustefnu sameinaðs sveitarfélags verði lögð áhersla á fjölbreytni í atvinnulífi sem byggi á þeirri öflugu starfsemi sem fyrir er.

**Verkefnið „Betri
Bakkafjörður” hófst árið
2019 og er út árið 2023.**

**Að mati nefndarinnar er
mikilvægt að ríkið marki
skýra stefnu í málum
Bakkafjarðar og að
verkefnið haldi áfram.**

**Mikil tækifæri liggja í
uppbyggingu í Finnafirði og
möguleikar á aukinni
orkuöflun á svæðinu.**

**Stofnun klasa að
Fjarðarvegi 5 undir
vinnuheitinu Fonturinn er
mikilvæg aðgerð á þeirri
vegferð að auka fjölbreytni
í atvinnulífi.**

Reynslan sýnir að tækifæri eru til klasamyndanna, en á nýrri skrifstofu Langanesbyggðar voru útbúnar þrjár einstaklingsskrifstofur sem nýttar eru af ólíkum aðilum. Við þetta skapast fjölbreytt og hvetjandi starfsumhverfi.

- Hugmyndin er að fá ráðgjafa á svæðið til starfa, til 2-3 til ára til að leita að nýjum störfum og verkefnum. Viðkomandi myndi að hafa aðstöðu í húsnæði að Fjarðarvegi 5. Óskað hefur verið eftir stuðningi Jöfnunarsjóðs um aðstoð við þetta verkefni.
- Fáist viljrði fyrir stuðningi af hálfu Jöfnunarsjóðs, verður farið í nákvæma áætlunar- og tillögugerð og auglýst eftir einstaklingum í verkið. Hluti af þessu ferli verður að sækja um styrk í sóknaráætlun landshluta (C1) til viðhalds, endurbóta og annarra lagfæringa á húsnæðinu að innan.

Íþróttta, æskulýðs- og frístundamál



Núverandi staða

- Íþróttta- og tómstundafulltrúi starfar hjá Langanesbyggð í 50% starfi og sami aðili starfar í 50% starfi hjá Ungmennafélagi Langnesinga þar sem hann sinnir þjálfun, rekstri og stefnumótun.
 - **Styttir boðleiðir á milli ungmennafélagsins og sveitarfélagsins.**
 - Ungmennafélagið veitir ýmsa mikilvæga þjónustu er snýr að íþróttta,- tómstunda,- félags- og forvarnarmálum fyrir alla aldurshópa
- Helstu verkefni íþróttta- og tómstundafulltrúa snúa að því að leiða verkefnið “Heilsueflandi samfélag”.
 - Miðar að því að auka heilsu og lífsgæði íbúa.
 - Sinnir auk þess tilfallandi verkefnum og situr í fjölmenningsfélagi og ungmennaráði SSNE.
- **Mjög góð aðstaða er fyrir íþróttalíf í samfélaginu og mikil tækifæri í nýtingu á húsnæðinu.**
- Íþróttta- og tómstundafulltrúi hefur verið eldri borgurum innan handar. Helstu verkefnin snúa að því að virkja þau til þátttöku og sjá um rekstur og skipulagningu á starfinu.

Núverandi staða

- **Svalbarðsskóli**

- Samkomuhús íbúa Svalbarðshrepps og félaga á þeirra vegum.
- Íbúðarhúsið er í útleigu og er leigjandi þess jafnfram húsvörður.
- Ýmis félög nýta sér aðstöðuna
- Íbúum stendur húsið til notkunar endurgjaldslaust, gegn því að húsinu sé skilað í sama ástandi og tekið var við því.
- Í húsinu er varðveittur uppstoppaður ísbjörn sem Náttúrufræðigripasafn Íslands á.
- Bókakostur lestarfélags Þistilfjarðar er geymdur í húsinu en fram undir 2012 var það ágætlega virkt en síðan þá í nokkurri óreiðu og bótaskosturinn í óreiðu og augljóst verk er að það þarf að leggja í vinnu og kostnað að koma honum í betra horf.
- Þá er skjalageymsla Svalbarðshrepps staðsett í húsinu.

- Bókasafn er starfandi á Þórshöfn, en Bókasafnið á Bakkafirði er húsnæðislaust sem stendur.
- Félagsheimilið á Þórshöfn, Þórsver, er í fullri starfsemi og notkun.
- Félagsheimili Bakkfirðinga er nýtt sem gistiheimili líka, en heimamenn halda þar hátíðir og veislur.

Framtíðarsýn

Þróun félagsstarfs

- Tækifæri eru í þróun félagsstarfs við sameiningu sveitarfélaganna. Bæði sveitarfélög taka þátt í kostnaði og ekki eru líkur á að margt breytist.
- Tækifæri eru til að bæta félagsstarf ungmenna með því að veita hentugt rými fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar. Með því að bæta úr því er hægt að skapa skýra stefnu og ná til fjölbreyttari hóps barna. Félagsmiðstöð er gjarnan kölluð þriðja stoðin og þar er hægt að skapa vettvang fyrir börn sem t.a.m. eru ekki í íþróttum.

Ungmennaráð

- Ekkert ungmennaráð er starfandi í sveitarfélögunum en starfræksla ungmennaráðs hefur verið til umræðu í Langanesbyggð.
- Komi til sameiningar sveitarfélaganna eru tækifæri til að bæta úr því.


Húsnæði eldri borgara

- Tækifæri eru til að bæta húsnæði eldri borgara og styðja betur við félagsstarf þeirra.

Útivist

- Ýmis tækifæri eru til staðar til útivistar, reiðleiða og fjallgangna sem væri gott að draga fram og nýta.

Jarðamál



Jarðasjóður

	Fasteigna númer	Fasteignamat 2021 í kr.	Eignar hlutur	Veiði- réttindi
Brimnes	F2167980	137.000	100%	
Staðarsel	F2168137	106.000	100%	
Sóleyjarvellir	F2170784	403.000	100%	
Hallgilsstaðir 1	F2168013	21.300.000	100%	Hafralónsá og Kverká
Nýibær	F2170757	130.000	50%	
Flaga 1 og 2	F2167373 F2167359	60.784.000	100%	Sandá í Þistilfirði
Kúðaá 1 og 2	F2167538 F2167541	5.640.000	100%	Svalbarðsá
Flautafell	F2167379	7.403.000	100%	Svalbarðsá
Vatnsendi	F2167659	46.000	100%	Sandá í Þistilfirði

Verði sameining sveitarfélaganna samþykkt mun sjóðurinn hefja starfsemi þann dag sem sameiningin tekur formlega gildi.

Tilgangur sjóðsins er varsla tiltekinna eigna með það að markmiði að nýta eignirnar, tekjur af þeim og eftir atvikum söluhagnað, til að skapa tækifæri til styrkingar mannlífs, byggðar og atvinnutækifæra á starfssvæði sjóðsins.

Markmið að tryggja að veiðiréttur í viðkomandi ám og nýting jarðeigna verði áfram í höndum íbúa eða annarra aðila með heimilisfesti og/eða starfsemi á starfssvæði sjóðsins.

Sjóðurinn verði í B-hluta sveitarfélagsins og rekinn sem fjárhagslega sjálfstæð rekstrareining innan sveitarfélagsins. Skipulags og ákvarðanavald er í höndum sveitarstjórnar

- Semja skal ársreikning fyrir hvert almanaksár.
- Árlega skal stjórn gera ársskýrslu

Sveitarstjóri mun eiga rétt til setu á stjórnarfundum og fara með daglegan rekstur sjóðsins, fjárvörslu og framkvæmd ákvarðana stjórnar.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnirnar tvær feli sjóðnum umsýslu eignir sameinaðs sveitarfélags sem sjást hér til vinstri.

Á eignirnar verðil þinglýst yfirlýsingu um að umsýsla þeirra falli undir sjóðinn og fari eftir þeim reglum sem samþykkt um sjóðinn kveður á um.

Jarðasjóður frh.

Stjórn sjóðsins verði skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara sem kosnir eru af sveitarstjórn til þriggja ára í senn.

- Tryggir skörun milli kjörtímabila sveitarstjórna.

Þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins skal vera sú sama og þóknun nefndarmanna í nefndum á vegum sveitarfélagsins.

Stjórnamenn velja úr sínum hópi fulltrúa til setu í stjórnnum félaga sem eignir sjóðsins eiga aðild að, svo sem veiðifélaga.

Tekjur sjóðsins eru allar tekjur af þeim eignum sem sjóðurinn hefur til umsjár og eftir atvikum söluhagnaður þeirra eigna.

- Í því felst m.a. leigutekjur af lóðum, mannvirkjum og veiðiréttindum, vaxtatekjur, styrkir, gjafir og önnur framlög eða tekjur sem sjóðnum kunna að berast.

Rekstrarafgangur rennur í sveitarsjóðs og skal vera nýttur til styrkingar byggðar og atvinnutækifæra í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins.

Heimilt er að leigja eignir sjóðsins enda samræmist sú ráðstöfun markmiðum.

- Við leigu eigna sjóðsins skulu veiðiréttindi vera undanskilin frá leiguliðaafnotum.

Stjórn er óheimilt að selja eignir eða hluta lands eigna sem eru í umsjá sjóðsins þannig að skerðing verði á veiðiréttindum sem fylgja eignum í umsjá sjóðsins.

Ferli við sölu eigna

Tillaga um að hluti úr jörð í umsjá sjóðsins verði seld skal njóta stuðnings aukins meirihluta (2/3) í stjórn og lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Tillaga um sölu eigna í umsjá sjóðsins, þannig að veiðiréttur fylgi, krefst tveggja umræðna í sveitarstjórn.

- Sex vikur skulu líða milli umræðna og skal síðari umræðu lokið áður en fyrri umræða um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir næsta ár fer fram.

Til að tillaga um sölu eigna hljóti samþykki skal hún njóta stuðnings aukins meirihluta sveitarstjórnar við báðar umræður í sveitarstjórn.

Stjórn sjóðsins skal afla álits óháðs sérfræðings á nauðsyn ráðstöfunarinnar til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins og **skal það álit kynnt íbúum með auglýsingu og á borgarafundi áður en síðari umræða um tillöguna fer fram.** Borgarafundur fer fram með vísan til 105. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um breytingu á eða eða slit sjóðsins gilda sömu skilyrði og við sölu eigna.

- Verði sjóðurinn lagður niður skal fjármunum hans varið til verkefna í samræmi við tilgang og markmið í 2. gr.

Skipulags- og umhverfismál



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 - 2027

Framtíðarsýn

Mikil uppbygging er í Finnafirði og gert er ráð fyrir að mikil íbúafjölgun fylgi henni.

Nægt framboð er af byggingarhæfum lóðum fyrir íbúðir, atvinnurekstur og þjónustu og svæðum fyrir frístundabyggð.

- Stefnt er að uppbyggingu iðnaðar- og hafnarsvæða og að þetta byggð í þéttbýlunum.

Bættar samgöngur:

- Sóknarfæri í atvinnuþróun með góðum samgöngum og aðgengilegum höfnum.
- Uppbygging samgöngukerfa að/frá og á milli/innan þéttbýliskjarna
 - Eykur samkeppnishæfni sveitarfélagsins.
 - Getur skapað heildsteypt og vistvænt samfélag.

Áhersla lögð á umhverfismál, útivist, ferðaþjónustu og umferðaröryggi:

- Bæta umhverfisvitund íbúa, t.a.m. með skýrum umgengnis- vinnu- og notkunarreglum.

„Leitast er við að skapa áhugavert og framsækið fjölskylduvænt sveitarfélag sem státar af góðum samgöngum á milli þéttbýlanna tveggja, öflugu atvinnulífi, fjölbreyttu mannlífi og umhverfismeðvitund íbúa.“

Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 - 2027

Atvinna

Atvinnulíf í Langanesbyggð hefur aðallega einkennst af sjósókn.

- Störf tengd fiskveiðum var um 37% starfa sveitarfélagsins í apríl 2007.

Eitt markmið stefnumörkunar aðalskipulags var að styðja við framþróun og eflingu atvinnulífs í sveitarfélaginu.

- Ferðapjónusta eflað og fjölbreytni aukið.
- Stuðla að betri sóknarfærum fyrir ný fyrirtæki á sviði verslunar og þjónustu.
- Styrkja sjávarútveg með bættri hafnaraðstöðu á Þórshöfn og Bakkafirði.
- Tryggja landbúnaði nægt rými fyrir starfsemi sína.
- Ný athafnastarfsemi byggist upp í norðausturjaðri byggðar á Þórshöfn.

Sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu athafna-, hafnar-, og iðnaðarsvæða í Finnafirði.

- Svæðið skilgreint nægilega stórt svo frekari starfsemi og þjónusta geti byggst upp samhliða.
- Mikil fjölgun beinna og afleiddra starfa vegna Finnaþingjarðarverkefnisins.

Miðsvæðin eflað með þjónustu, aðlaðandi umhverfi og góðu aðgengi.

Uppbygging athafnasvæðis við hafnarsvæði á Bakkafirði.

Framtíðarsýn

Aðalskipulag

- Vinna skal aðalskipulag fyrir sveitarfélögin, hvort sem af sameiningu verður eða ekki, en núverandi aðalskipulag Langanesbyggðar gildir til 2027 og ekkert aðalskipulag er í gildi í Svalbarðshreppi.
- Skipulags- og umhverfisnefnd Langanesbyggðar tekur undir það mat samstarfsnefndar.

Skipulags- og umhverfismál

- Að mati samstarfsnefndar mun sameining sveitarfélaganna ekki breyta miklu í skipulags- og umhverfismálum, að öðru leyti en því að unnið verður aðalskipulag fyrir Svalbarðshrepp.


Deiliskipulag

- Unnið er að deiliskipulagi á þéttbýlissvæðum, þ.e. á Bakkafirði og á Þórshöfn, og ætti þeirri vinnu að ljúka á næstu 1-2 árum.

Sorp- og urðunarmál

- Nýjar reglur um sorp- og urðunarmál taka gildi í ársbyrjun 2023. Unnið er að svæðisáætlun fyrir sorp fyrir allt Norðurland.
- Markmiðið er að hætta urðun á Bakkafirði eins skjótt og auðið er.

Fjármál og fjárhagsáætlanir



Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

Meginreglan um ábyrga fjármálastjórnun

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

- Í því felst m.a. að veltufé frá rekstri sveitarfélags standi undir afborgunum lána.

Jafnvægisregla

Sveitarstjórn skal sjá til þess að heildarútgjöld til rekstrar samstæðu séu á þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Skuldareglan

Sveitarstjórn skal sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Framlög vegna sameiningar eru áætluð 548 m. kr.

	Langanesbyggð	Svalbarðshreppur	Sameinað
Skuldajöfnunarframlag	276	0	276
Fast framlag	100	100	200
Byggðaframlag	56	16	72
Samtals*	432	116	548

* Framlög miðað við ársreikninga ársins 2020.

Að mati samstarfsnefndar skapar framlag Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar sveitarfélaga tækifæri til að lækka skuldir, bæta þjónustu við íbúa og auka svigrúm til fjárfestinga.

Sameiningarframlög


Sveitarfélög fá framlög greidd úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar.

Með hverju sveitarfélagi fylgja ákveðin framlög sem taka mið af ársreikningi sveitarfélaganna árið fyrir sameiningu.

Framlögin eru greidd út á 7 árum eftir samkomulagi við Jöfnunarsjóð.

Árleg tekju- og útgjaldajöfnunarframlög munu auk þess hækka um 6,2 m. kr. árlega við sameiningu sveitarfélaganna.

Veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímalána



Meginreglan


Veltufé frá rekstri stóð undir afborgunum langtímalána hjá báðum sveitarfélögum til ársins 2020.

Í fjárhagsáætlunum stendur veltufé undir afborgunum langtímalána hjá Langesbyggð en ekki hjá Svalbarðshreppi.


Að óbreyttu yrði neikvætt veltufé að frádregnum afborgunum lána frá árinu 2024 hjá sameinuðu sveitarfélagi.

Fjárfestingar- og fjármögnunarahreyfingar

Fjárfestingarahreyfingar



Fjármögnunarahreyfingar




Fjárfestingar- og fjármögnunarahreyfingar

Langanesbyggð áætlar miklar fjárfestingar árið 2022 en hóflegar fjárfestingar í kjölfarið.

Svalbarðshreppur þarf að fjármagna neikvætt veltufé og fjárfestingar með lántöku frá og með árinu 2022.

Langanesbyggð hefur neikvæðar fjármögnunarahreyfingar árin 2023 – 2025 sem þýðir að uppgreiðsla lána er umfram lántöku.

Skuldahlutfall sameinaðs sveitarfélags fer lækkandi




Skuldahlutfall

Sameinað sveitarfélag hefði skuldahlutfall 94-105% skv. fjárhagsáætlunum og stenst því skuldareglu.

Skuldahlutfall Langanesbyggðar lækkar með árunum í kjölfar tekjuaukningar og niðurgreiðslu lána.

Skuldahlutfall Svalbarðshrepps hækkar með aukinni lántöku og nálgast þak skuldareglunnar árið 2025.

Sameinað sveitarfélag stæðist jafnvægisreglu 2023 - 2025



Jafnvægisregla

Samkvæmt fjárhagsáætlunum stenst Langanesbyggð jafnvægisreglu með jöfnuð til þriggja ára á bilinu 20-54 m. kr.

Þar sem Svalbarðshreppur áætla hallarekstur út tímabilið mun sveitarfélagið ekki standast jafnvægisreglu frá og með árinu 2021.

Fjárhagsleg viðmið árin 2020 og 2023

Ársreikningur 2020	Svalbarðs- hreppur	Langanes- byggð	Sameinað
Meginreglan	✓	✓	✓
Jafnvægisreglan	✓	✓	✓
Skuldareglan	✓	✓	✓

Fjárhagsáætlanir 2023*	Svalbarðs- hreppur	Langanes- byggð	Sameinað
Meginreglan	✗	✓	✓
Jafnvægisreglan	✗	✓	✓
Skuldareglan	✓	✓	✓

**Árið 2023 yrði fyrsta heila starfsár sameinaðs sveitarfélags, ef samþykkt*

Fasteignaskattar

	Svalbarðshreppur	Langanesbyggð
Útsvarsprósenta	14,52%	14,52%
Íbúðarhúsnæði	0,500%	0,625%
Atvinnuhúsnæði	0,500%	1,65%
Lóðarleiga		1,50%
Fráveita		0,23%
Vatnsgjald		0,30%
Sorphirðugjald	30.000 / 50.000*	45.295

* Frístundahús, veiðihús og íbúðarhúsnæði / Íbúðarhúsnæði með rekstur

Gjaldskrár


- Ef til sameiningar kemur þarf að aðlaga álag á A-lið og C-lið, þ.e. annað hvort lækka hlutfall á A- og C-lið í Langanesbyggð eða hækka í Svalbarðshreppi.
- Við breytingar á sköttum þarf annars vegar að huga að því að sveitarfélagið verði ekki af miklum tekjum við aðlögun, og hins vegar að íbúar verði ekki fyrir mikilli aukningu í útgjöldum.
- Í Svalbarðshreppi eru átta greiðendur sem falla undir C-liðinn.
- Svalbarðshreppur hefur á árinu 2022 hafið innheimtu sorphirðugjald.
- **Frístundahús, íbúðarhúsnæði og eignir í landbúnaðarnotkun falla undir A-liðinn**

Fasteignaskattar

- Það er tillaga samstarfsnefndar að sameinað sveitarfélag nýti sér heimild í 5. mgr. 3. greinar laga nr 4/1995 um tekjustofna sveitafélaga sem segir að í sveitarfélagi þar sem er bæði þéttbýli og dreifbýli sé heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt.
 - Tillagan er m.a. rökstudd með því að í dreifbýli og þéttbýli er mismunandi þjónustustig.
- Það þýðir að fasteignaskattur á íbúðar- og landbúnaðarhúsnæði (A-liður) í dreifbýli verður 0,5% og á atvinnuhúsnæði (C-liður) 1,32%.
- Í upphafi nýs kjörtímabils verði unnin skilgreining á þjónustu við íbúa m.a. í dreifbýli og þéttbýli.

	Núverandi		Breyting
	Svalbarðs-hreppur	Langanes-byggð	Sameinað
A-þéttbýli	0,50%	0,625%	0,625%
A-dreifbýli	0,50%	0,625%	0,50%
B- þétt- og dreifbýli	1,32%	1,32%	1,32%
C-þéttbýli	0,50%	1,65%	1,65%
C-dreifbýli	0,50%	1,65%	1,32%

Stjórnsýsla



Stjórnskipulag sveitarfélaga

Sveitarstjórnarlög mynda ákveðinn ramma um störf sveitarstjórnarmanna og stjórnskipulag sveitarfélaga.

- Að öðru leyti hafa sveitarfélög mikið sjálfræði um uppbyggingu eigin stjórnkerfis.

Sveitarstjórn fer með yfirstjórn sveitarfélagsins enda lýðræðislega kjörin af íbúum sveitarfélagsins.

- Skylda til að halda reglulega og opna fundi.
- Skýrar reglur um fundi og fundarsköp sveitarstjórnar.
- Skylda til að setja samþykkt um stjórn, stjórnsýslu og fundarsköp sveitarfélagsins sem endurspeglar stjórnskipulag og stjórnsýslu þess.
 - Svalbarðshreppur hefur ekki sett sér samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Sveitarfélög eiga að vera sjálfbær, bæði rekstrarlega og faglega.

- Þau þurfa þó ekki að reka verkefni sín að öllu leyti sjálf og því veita sveitarstjórnarlögin heimild til þess að sveitarfélög hafi samstarf sín á milli um verkefni eða veitingu þjónustu.

Lögskyld verkefni og áætlanagerð

- Sveitarfélög hafa mikið frelsi til að ráða málefnum sínum sjálf. Löggjafinn setur þó ákveðnar kröfur á sveitarfélögin þegar kemur að ýmiss konar stefnumörkun og reglusetningu sem þeim er skylt að sinna, m.a. í því skyni að tryggja réttaröryggi og jafnrétti íbúa sveitarfélaganna.
- Í töflunni má, í dæmaskyni, finna verkefni og stefnumarkandi áætlanir sem sveitarfélögum er skylt að gera samkvæmt lögum.
- Byggt er á gögnum sem birt eru á vefsíðu sveitarfélaganna eða eftirlitsaðila.

Lögskyld áætlanagerð og verkefni	Langanesbyggð	Svalbarðshreppur
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	✓	Nei
Aðalskipulag í gildi	✓	Nei
Húsnæðisáætlun í gildi	✓	Nei
Jafnlaunavottun (ef það eru fleiri en 25 starfsmenn)	Í vinnslu	Á ekki við
Loftslagsstefna	Nei	Nei
Grunnskólastefna í gildi	Í vinnslu	Í vinnslu
Leikskólastefna í gildi	Í vinnslu	Í vinnslu
Siðareglur birtar	✓	Nei
Staðfesting ársreikngs	✓	✓
Fjárhagsáætlun samþykkt	✓	✓
Reglur um fjárhagsaðstoð	Reglur Norðurbings	Reglur Norðurbings
Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning	Reglur Norðurbings	Reglur Norðurbings

Stjórnsýsla - núverandi staða

Svalbarðshreppur

Skrifstofa Svalbarðshrepps er á heimili oddvita, en skrifstofa Langanesbyggðar er á Þórshöfn.

Í sveitarstjórn Svalbarðshrepps sitja fimm fulltrúar. Þar sem Svalbarðshreppur hefur ekki Samþykkt um stjórn og fundarsköp er ekki að finna nákvæma tilgreiningu á fastanefndum sveitarfélagsins.

Á vefsíðu þess er eftirfarandi tilgreint:

- Byggingarnefnd
- Bókasafnsnefnd
- Kjörstjórn

Langanesbyggð

Skrifstofa sveitarfélagsins er á Þórshöfn, en þar starfa fimm starfsmenn í 4,1 stöðugildi.

Á Bakkafirði hefur sveitarstjóri Langanesbyggðar aðsetur auk verkefnastjóra Betri Bakkafjarðar.

Í sveitarstjórn Langanesbyggðar sitja sjö fulltrúar og starfandi eru eftirfarandi fastanefndir :

- Byggðarráð (þrír fulltrúar) skipað til eins árs
- Atvinnu- og nýsköpunarnefnd (fimm fulltrúar) skipað til fjögurra ára
- Velferðar- og fræðslunefnd (fimm fulltrúar) skipað til fjögurra ára
- Skipulags- og umhverfisnefnd (fimm fulltrúar) skipað til fjögurra ára
- Hafnanefnd (þrír fulltrúar) skipað til fjögurra ára
- Kjörstjórn
- Hverfisráð Bakkafjarðar
- Dreifbýlisráð

Samstarfssamningar

- Samrekstrarsamningur er milli Langesbyggðar og Svalbarðshrepps
 - Rekstur grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, mótuneytis og skólaakstur,
 - Rekstur slökkviliðs,
 - Félagsstarf aldraða,
 - Rekstur íþróttamannvirkja og íþróttamála (m.a. frístundastyrkur),
 - Naust, dvalar- og hjúkrunarheimili.
 - Eignasjóður en Svalbarðshreppur á hlut í húsnæði ...
 - Íþróttamiðstöðvar,
 - Leikskóla,
 - Nausts og
 - Bakkavegi 23, húsnæði fyrir aldraða.

Bæði sveitarfélög eru aðilar að eftirfarandi samstarfsverkefnum

- Samstarfssamning um almannavarnir.
- Barnavernd Þingeyinga.
- Samstarfssamning við Norðurþing um byggingarmál.
 - Langesbyggð er með samning við Teiknistofu Norðurlands um ráðgjöf og vinnu í skipulagsmálum.
 - Formlegri stjórnsýslu er sinnt af skrifstofu Langesbyggðar
- Samningum við Norðurþing um félagsþjónustu og almenna skólaþjónustu (ráðgjöf vegna nemenda)
- Samningur við Norðurþing um sameiginlegt þjónustusvæði í þjónustu við fólk með fötlun.
- Samningi um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits á Norðurlandi eystra.
- Héraðsnefnd Þingeyinga bs.
- Samningi við Miðstöð skólapróunar hjá Háskólanum á Akureyri um ráðgjöf fyrir fræðslunefnd, skólastjóra og skrifstofu í fræðslumálum almennt.

Samningar um framkvæmd verkefna 2020

Rekstur	Hlutdeild	Samtals
Rekstur skv. 4. - 10. grein		
Félagsstarf aldraðra	15.72%	150.129
Fræðslu- og uppeldismál	15.72%	41.135.586
Skólaakstur	88.80%	6.682.809
Íþrótt og æskulýðsmál	15.72%	9.696.244
Naust, rekstur	15.72%	5.180.938
Brunvarnir og eldvarnareftirl.	15.72%	3.918.980
Eignasjóður skv. 11. gr.		
Íþróttamiðstöð	13%	(3.290.302)
Naust	21%	(174.120)
Leikskólinn	14%	(3.367.283)
Bakkavegur 23	33%	(994.199)
Framlög Jöfnunarsjóðs		16.653.954
Samtals		75.592.735

Samrekstarsamningur

Sveitarfélögin eiga í umtalsverðu samstarfi sín á milli en Langanesbyggð annast meginþorra verkefnanna.

Kostnaðarpátttaka Svalbarðshrepps byggir á íbúafjölda ár hvert, utan kostnaðar við skólaakstur og Eignasjóð.

Hvort sveitarfélag greiðir sinn skólaakstur.

Að auki greiðir Svalbarðshreppur Norðurþingi um 14 m.kr. vegna félagsþjónustu, skipulags- og byggingarmála og brunamála.

Kostnaður Svalbarðshrepps vegna samstarfssamninga er um 90 m.kr. árlega, af um 108 m.kr. heildarútgjöldum, eða um 83%.

Framtíðarsýn


Samþykkt um stjórn og fundarsköp Langanesbyggðar verði notaður sem grunnur að samþykkt fyrir sameinað sveitarfélag.

Fulltrúar í sveitarstjórn verði sjö, en alls verði um 40 sæti fyrir kjörna fulltrúa nefndum.

Fastanefndir verði eftirfarandi, fjöldi fulltrúi í sviga:

- Byggðarráð (3)
 - Daglegur rekstur, framkvæmdir- og fjármál
- Skipulags- og umhverfisnefnd (5)
- Atvinnu- og nýsköpunarnefnd (5)
 - Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar
 - Fagleg málefni Fonta
- Velferðar- og fræðslunefnd (5)
 - Fræðslumál, félagsþjónusta, tómstundir og lýðheilsumál
 - Fagleg málefni Nausta
- Hafnarnefnd (3)
- Hverfisráð Bakkafjarðar (3)
- Landbúnaðarnefnd/dreifbýliráð (5)
- Kjörstjórn (3)

Tillaga að stjórnskipulagi



Fjallskil

- **Samstarfsnefnd leggur til að ný sveitarstjórn skipi landbúnaðarnefnd sem jafnframt taki við hlutverki dreifbýlisráðs.**
- Samstarfsnefnd leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi verði starfræktar þrjár Fjallskiladeildir.
 - Þistilfjarðardeild
 - Langesdeild Vestari
 - Langesdeild Austari, austan Miðfjarðarár
- Til að tryggja jafnari nýtingu lands til upprekstrar og beitar verði búfjáreigendum heimilt að reka fé sitt á fjall í öðrum deildum en þeir eiga búsetu í, enda sé það gert með samþykki viðkomandi landeigenda.
- **Sveitarfélagið, sem ábyrgðaraðili fjallskila, tryggi að fjallskil fari fram með fullnægjandi hætti í öllum deildum, þó svo að kindagjald í einstökum deildum standi ekki undir fjallaskilakostnaði í viðkomandi deild.**
- Sveitarfélagið leitist við að tryggja aðgang að upprekstrarleyfum á þeim svæðum sem svigrúm er til staðar með samkomulagi við landeigendur. Hver deild ákveður fjallskilagjöld hjá sér og laun fyrir vinnu við fjallskil.
- Miða skal gjöld og laun við að fjárbændur borgi því sem næst raunkostnaði við fjallskil. Sveitarfélagið, í samvinnu við fjallskiladeildir, leiti leiða til að jafna kostnað milli deilda.
- **Samstarfsnefnd leggur til að landgjald verði fellt niður.**

Meðal verkefna landbúnaðarnefndar

- Málsvari íbúa í dreifbýli gagnvart sveitarstjórn og veitir umsagnir um málefni dreifbýlisins.
- Hefur heimild til að vísa málum á dagskrá sveitarstjórnarfundar.
- Umsagnar um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, innan sinna staðarmarka.
 - Afréttamálefni, fjallskil o.fl.
 - Búfjárhald
 - Veitir umsagnir varðandi landskipti, sameiningu jarða og umsókn um lögbýliserétt
 - Gerir tillögur til sveitarstjórnar um viðhald og rekstur girðinga, gagnakofa og rétta
- Umsjá Svalbarðsskóla fyrir hönd sveitarfélagsins og stuðlar að fjölbreyttu starfi í húsinu.

Hagsmunir gagnvart ríki og þingi

Samgöngumál

- Brekknaheiði
- Héraðs- og tengivegir
- Hafnamál
- Sjóvarnir
- Flug til Þórshafnar

- Brekknaheiði er á Samgönguáætlun 2023. Brýnt er að tryggja fjármagn til verkefnisins og tryggja að samhliða verði girt meðfram veginum.
- Lagfæringar á héraðs og tengivegum ásamt ferðamannavegum.
- Höfnin er lífæðin og skapar byggðinni samkeppnisforskot.
- Að flug til Þórshafnar haldist óbreytt.
- Stuðningur við millilandaflug til Akureyrar.

Atvinnuþróun og nýsköpun

- Brothættar byggðir
- Klasa- og þróunarverkefnið Fontur
- Störf án staðsetningar

- Stuðningur við ráðningu atvinnu- og þróunarfulltrúa.
- Stuðningur við stofnun klasamiðstöðarinnar, bæði aðkoma að stofnun þess og uppbyggingu og einnig með störfum án staðsetningar.

Hagsmunir gagnvart ríki og þingi

Veitumál

- Þriggja fasa rafmagn
- Raforkuöryggi og hringtenging
- Fráveitumál
- Tryggja þarf raforkuöryggi og aukið framboð af raforku á svæðinu.
- Þriggja fasa rafmagn verði lagt í sveitir og bæi, er á áætlun ca 2026, er hægt að flýta þeim framkvæmdum.

Heilbrigðismál

- Standa vörð um þjónustu HSN á Þórshöfn
- Tryggja tannlæknþjónustu
- Rekstur Dvalarheimilisins Nausts
- Rekstur dvalarheimilis Naust er mjög erfiður. Sveitarfélögin hafa greitt um 100 mkr. á síðustu fimm árum.
- Ríkið þarf að hækka daggjaldagreiðslur.

Álit samstarfsnefndar

- Það er álit Samstarfsnefndarinnar að sameining sveitarfélaganna sé rökrétt skref í kjölfar farsæls samstarfs um öll meginverkefni sveitarfélaga undanfarin ár.
- Á samráðsfundum með íbúum síðastliðið haust lýsti hluti íbúa áhyggjum sínum af meðferð jarða og fjallskila í sameinuðu sveitarfélagi. Nefndin hefur leitað lausna til að koma til móts við þær áhyggjur og leggur þær fram fyrir íbúa.
- Sameiningu sveitarfélaganna fylgja áskoranir sem nefndin telur að hægt sé að mæta með **útfærslu stjórnskipulags þar sem íbúar fá góð tækifæri til þátttöku í ákvarðanatöku**, m.a. í gegnum nefndastarf, hverfisráð og dreifbýlisráð.
- Að mati nefndarinnar mun sameining sveitarfélaganna hafa í för með sér **aukna fjárfestingagetu og stuðla að hraðari uppbyggingu í sveitarfélaginu**. Vonir standa til þess að sameinað sveitarfélag muni hafa sterkari rödd við að koma hagsmunum íbúa og atvinnulífs á framfæri við stjórnvöld. **Öflugt sveitarfélag með einfalda og skilvirka stjórnsýslu hefur tækifæri til að bæta búsetuskilyrði og veita góða þjónustu til framtíðar.**
- Samstarfsnefndin hvetur íbúa til að kynna sér framlögð gögn um kosti og galla sameiningar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepp og hvetur íbúa til þátttöku í kosningunum 26. mars nk.

Ef sameining verður samþykkt

Sveitarstjórnirnar skipa stjórn til undirbúnings nýs sveitarfélags.

Undirbúningsstjórn:

- semur samþykkt um stjórn og fundarsköp hinnar nýju sveitarstjórnar
- tekur ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags
- undirbýr val á nafni sveitarfélagsins
- hefur vinnu við að endurskoða og samræma reglur
- gerir tillögu til ráðuneytis um fyrirkomulag kosninga til sveitarstjórnar og gildistöku sameiningar

Nýtt sveitarfélag verður til

Kosið verður til nýrrar sveitarstjórnar 14. maí 2022.

Ný sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélags 15 dögum eftir kjördag, þ.e. 29. maí 2022.

Fyrstu verkefni eru:

- að samþykkja nýjar reglur og gjaldskrár
- að velja nafn á sveitarfélagið í samráði við íbúa
- ráða lykilstjórnendur
- innleiða nauðsynlegar breytingar

Fyrirmynd að kjörseðli

Kjörseðill vegna atkvæðagreiðslu í Svalbarðshreppi, laugardaginn 26. mars 2022

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Langesbyggðar og Svalbarðshrepps í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Langesbyggðar og Svalbarðshrepps?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Já”

Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Nei”

☐

Já

☐

Nei

RR RÁÐGJÖF

Skipholt 25

105 Reykjavík

rrradgjof.is

robert@rrradgjof.is

649-5535



Róbert Ragnarsson, framkvæmdastjóri er með meistaraþróf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands, en varði tveimur árum við nám í Háskólanum í Árósum.



Freyja Sigurgeirsdóttir, ráðgjafi er með meistaraþróf í lögfræði frá Háskóla Íslands.



Sunna Rúnarsdóttir, ráðgjafi er með meistaraþróf í stefnumótum, skipulagsheildum og leiðtogahæfni frá Háskólanum í Árósum.